

Aðalfundur Foreldrafélags Auðarskóla þann 6.september 2012

Mættir voru Arnar Eysteinnsson, Carolin A. Baare-Schmidt, Þorsteinn Jónsson, Ingibjörg Anna Björnsdóttir, Katrín Lilja Ólafsdóttir, Jóhanna Sigrún Árnadóttir, Berglind Vésteinsdóttir, Linda Traustadóttir, Ásdís Kr. Melsted, Þórunn Björk Einarsdóttir, Eyjólfur Sturlaugsson, Þórey Björk Þórisdóttir, Elísabet Svansdóttir og Ragnheiður Pálsdóttir.

Arnar Eysteinnsson formaður foreldrafélagsins var fundarstjóri og Ingibjörg A. Björnsdóttir var fundarritari.

1. Skýrsla stjórnar

Formaðurinn greindi frá störfum félagsins síðasta skólaár. Félagið fékk Möguleikhúsið til að koma og sýna tvær sýningar (Prumpuhóllinn og Völuspá) á skólatíma og var vel mætt á þær báðar. Haldin var forvarnarfræðsla þar sem forráðamenn Staðarfells komu og fóru inn í nokkra bekki og ræddu við nemendur. Síðan var haldin fræðsla fyrir foreldra. Ekkert þurfti að greiða fyrir forvarnarfræðsluna og ætlar félagið að halda þessari fræðslu sem árlegum viðburði. Öskudagsskemmtun var haldin líkt og á hverju ári og varð smávegis hagnaður af honum. Félagið sá síðan um að grilla á vorhátíð Auðarskóla og gekk það vonum framár. Gjaldkerinn fór yfir reikningana og lét útprentun af ársreikningi félagsins ganga á milli fólks. Eign félagsins þann 1.september 2012 er 133.513 kr.

Farið var í gegnum starf skólaráðsins og tilgangi þess. Þórunn Björk Einarsdóttir, fulltrúi foreldra, greindi frá starfinu í grófum dráttum:

Haldnir voru að minnsta kosti 4-5 fundir hjá skólaráðinu á síðasta vetri þar sem meðal annars var tekið fyrir innra og ytra mat skólans, gjaldskrá tónlistarskólans og farið var yfir þær endurbætur sem væru væntanlegar í skólanum og við skólabyggingarnar. Skólaráðið hyggst auglýsa sína fundi betur á komandi skólavetri svo foreldrar geti haft samband við meðlimi ráðsins og komið ábendingum sínum á framfæri.

2. Kosningar

Kosningar bekkjartengla var ekki lokið þegar fundur þessi fór fram.

Það vantar tvo í stjórn foreldrafélagsins og einn í skólaráð. Formaður félagsins bað um uppástungur og/eða framboð. Flora Josephine Liste flutti úr Búðardal og kom Ingibjörg A. Björnsdóttir í hennar stað. Eva Björk Sigurðardóttir gaf hinsvegar ekki kost á sér aftur í stjórn. Þórunn Björk Einarsdóttir gaf þá kost á sér í stjórn félagsins í hennar stað.

Stjórn Foreldrafélagsins er eftirfarandi:

Arnar Eysteinnsson – fulltrúi grunnskóla
Ingibjörg Anna Björnsdóttir – fulltrúi leikskóla
Þorsteinn Jónsson – fulltrúi grunnskóla
Carolin A. Baare-Schmidt – fulltrúi grunnskóla
Þórunn Björk Einarsdóttir – fulltrúi leikskóla

Varamenn stjórnarinnar eru:

Þórey Björk Þórisdóttir (1.varamaður) og Herdís Rósa Reynisdóttir

Fulltrúi í skólaráði var kosinn Herdís Rósa Reynisdóttir.

3. Önnur mál

Foreldrafélaginu var þakkað fyrir vel unnin störf á síðast liðnum vetri.

Hugleiðingar frá fundarmeðlimum varðandi starf félagsins á síðasta vetri:

Fundarmeðlimum fannst:

- ⌚ Forvarnarfulltrúinn náði vel til nemenda þegar hann var með fræðsluna.
- ⌚ Virkilega hafa verið hlustað á skólaráðið (sem sendir fundargerðir sínar til fræðslunefndar) að minnsta kosti síðast liðinn vetur.
- ⌚ Foreldrar vita ekki af skólaráðsfundunum og því mætti endilega auglýsa þá á t.d. heimasíðu Auðarskóla og ef til vill dagskrá fundarins líka svo foreldrar geti haft samband við fulltrúa skólaráðsins og komið sínum ábendingum til skila.

Hugmyndir frá fundarmeðlimum varðandi næsta starfsár:

- ⌚ Gæti verið gott að senda út fréttabréf með upplýsingum um það hvernig foreldrar geti haft samband við foreldrafélagið sem og önnur ráð innan skólans.
- ⌚ Leiksýningar eru alltaf vinsælar og þá á skólatíma.
- ⌚ Taka á eineltismálum – fá fyrirlesara.
- ⌚ Hvetja yngri börn til að taka meiri þátt í íþróttum – Íþróttir eru hollar!
- ⌚ Athuga með áhugamannaleikhús í grennd við Búðardal t.d. Hólmavík og Borgarnes.
- ⌚ Ferð í skautahöllina.
- ⌚ Skíðaferð.
- ⌚ Halda hjóladag með börnunum.
- ⌚ Fara í skógarferð – leikir og lautarferð t.d. í Daníelslund.
- ⌚ Paradíslaut (á móti Bifröst).

- ⌚ Það þarf ekki nauðsynlega að hugsa um allan skólann í einu heldur má skipta skólanum niður í deildir og fara í ferðir fyrir mismunandi hópa.
- ⌚ Bíósýningar í Borgarnesi.
- ⌚ Efla samstarf á milli Hólmavíkur og Reykhóla til að halda t.d. diskótek eða náttfata/búningaball saman.
- ⌚ Endurvekja Tjarnarlundaballið – Herdís Rósa þekkir það vel.
- ⌚ Muna eftir miðstiginu (25 nemendur), það vill oft gleymast í skemmtanahöldum.
- ⌚ Foreldrafélagið ætti að vera fastur liður á fjárhagsáætlun Auðarskóla.
- ⌚ Senda Lionsfélögum, Rauða krossinum og kvenfélögum bréf um að skólinn ætli að fara af stað með viss atriði t.d. eineltisáætlun og fá félögin til að styrkja foreldrafélagið/skólann.
- ⌚ Öskudaginn mætti nota í diskótek fyrir 5.-7.bekk. Tunnurnar mættu vera fleiri og minna límdar, að minnsta kosti hjá leikskólabörnunum. Einnig mætti aðstoða börnin við að ná tunnunum niður eftir ca. tvær umferðir, þá skera í tunnurnar/kassana.
- ⌚ Gaman væri ef foreldrar væru duglegir að aðstoða börnin við að skipuleggja söngva fyrir öskudaginn og fara helst nokkur saman í hóp. Vinnustaðir hefðu gaman af því að fá börn í heimsókn syngjandi eitthvað annað en „Gamla Nóa“. Það er nauðsynlegt að minna foreldra á þetta þegar öskudagsauglýsingin er send út.

Önnur mál sem upp komu:

- ⌚ Að verki Josie með leikskólalóðina væri enn ólokið og mun foreldrafélagið berjast fyrir að því muni ljúka.
- ⌚ Að formaður þurfi að fá yfirlit yfir þá sem eru kosnir bekkjartenglar svo hægt sé að halda fund með bekkjartenglunum þar sem það er í lögum foreldrafélagsins að því beri að halda fund með bekkjartenglunum.
- ⌚ Að meginmál foreldrafélagsins væri að efla samstarf milli skólans og foreldranna/heimilanna. Félagið væri að virkja foreldrana til að gera eitthvað með börnum sínum, þekkja foreldra vana þeirra og fleira.
- ⌚ Að sumir foreldrar væru tilbúnir til að borga fyrir rútuferðir ef skemmtanir/uppákomur væru haldnar utan Dalabyggðar.
- ⌚ Hvort það væri hægt að hafa námskyninguna og foreldrafélagsfund á sama degi en sú tillaga var ekki samþykkt sökum þess að það yrði væntanlega of langur dagur.

Fundi slitið